

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 4 2016	5	Dagsetning	25. september 2016	Tími	13:00 – 15:00
Fundarstaður	Þjóðminjasafn				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	BK				
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, MH, (ISS, EB, HÓS, BE, GSB)				
Fylgiskjöl	Umsögn FFR um frumvarp um kjararáð				
Vistun gagna	ISS				

## Fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Ekki var fjallað um fundargerð 3. fundar frá 25. apríl og 4. fundar frá 30. maí, en það verður gert á stjórnarfundum í september.

### 2. Umsögn um frumvarp um kjararáð

Þann 22. september 2016 fékk formaður FFR póst frá Nefndasviði Alþingis, þar sem FFR varð boðið að senda inn umsögn um frumvarp til laga um kjararáð, og fékk til þess fjögurra daga frest (þar með taldir tveir helgardagar, skilafrestur mánudag 26. september). Formaður FFR bað um aukinn frest, en þar sem dagskrá þingsins átti að ljúka innan 10 daga fékkst ekki frestur. Stjórn FFR fjallaði um málið í tölvusamskiptum næstu daga og var sammála um að takmarkaðir möguleikar væru til þess að safna saman sérfræðingum og halda síðan félagsfund til að fjalla um málið á lýðræðislegan og eðlilegan hátt fyrir þennan frest. Stjórn FFR ákvað því að semja umsögn og senda inn en félagið andmælti hinum stutta fresti. Stjórn FFR ákvað að miða afstöðu sína í málinu við skýrslu starfshóps frá árinu 2012 um starfsumhverfi forstöðumanna. Ákveðið var að BK, KLÁ og MH myndu hittast sunnudag 25. september og klára umsögn félagsins í kjölfarið svo að hægt yrði að senda hana inn mánudag 26. september, eins og fresturinn sagði til um.

Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir að umsýsla með starfskjörum flestra forstöðumanna ríkisstofnana muni færast frá kjararáði til kjara- og mannauðssýslu ríkisins og að unnið verði nýtt og gengsætt verklag vegna launasetningar, frammistöðumats, hreyfanleika og starfsloka forstöðumanna. Vegna hins knappa tíma til umsagnar fjallaði stjórn FFR um málið í mörgum tölvupóstum um helgina 24-25 september þar sem fjallað var um ýmis drög að umsögn.

Lokaútgáfa umsagnar FFR um frumvarpið er á vefsíðu Alþingis á slóðinni <http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=145&mnr=871>

Stjórn FFR hefur haft fyrri vinnu félagsins að leiðarljósi fram að þessu, og má þar helst nefna þær margvíslegu breytingatillögur sem komu fram í skýrslunni „Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna“, en slíkar tillögur hefur FFR stutt síðastliðinn áratug. Því miður var ekki tími til að halda félagsfund um málið með svo skömmum fyrirvara, til að skerpa á áherslum í málinu.

Eðlilegt er að forstöðumenn hafi skiptar skoðanir á þessu mjög svo mikilvæga máli. Stjórn félagsins ræddi því um að halda Morgunverðarfund og í framhaldi af því félagsfund, þar sem skerpt yrði á stefnu félagsins í þessu máli. Nánari undirbúningur slíkra funda fer fram á næstunni.

### 3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd, fundi slitið.

Fundarritun BK.